

## ✉ Re: Skriðdals- og Breiðdalsvegur, ný brú á Gilsá - beiðni um umsögn

Búið til	21.5.2021 13:06:45
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	21.5.2021 13:06:45
Tilheyrir	 202105-0009 - Skriðdals- og Breiðdalsvegur, ný brú á Gilsá - beiðni um umsögn

### Efni

Re: Skriðdals- og Breiðdalsvegur, ný brú á Gilsá - beiðni um umsögn

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	21.5.2021 13:06:45	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Pátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202105-0002

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skipulagsstofnun dags. 5. maí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Vegagerðarinnar *Skriðdals- og Breiðdalsvegur, ný brú á Gilsá*, skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir gögn sem fylgja tilkynningu framkvæmdaraðila og telur nægjanlegar upplýsingar fyrir hendi til að skera úr um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Mikilvægt er að rask á gili Gilsár verði sem allra minnst, gilbrúnum hlíft eins og kostur er og hugað vel að frágangi næst brúarmannvirkjum. Þá þarf að vanda til verka við frágang eftir að eldri brú er fjarlægð, einkum þar sem gilbrúnir hafa nú þegar raskast.

Náttúrufræðistofnun tekur undir með niðurstöðu Náttúrustofu Austurlands um að útfærsla á þeim valkosti um legu vegarins norðan við Gilsá ætti einungis að valda óverulegri röskun á votlendi. Jákvætt er að skoða eigi sérstaklega hvort ekki sé tækifæri til að minnka enn frekar skeringar svo sú röskun verði eins lítil og hægt er. Forðast skal að nota framandi ágengar tegundir við uppgræðslu.

Tryggja þarf góðan frágang við efnisnámur í árfarvegum, gæta að gruggmengun og minnka ásýndaráhrif eins og hægt er. Fram kemur að við námu B – Grímsá 19042, vaxi lúpína í jarðvegslagi sem þurfi að fjarlægja. Mikilvægt er að jarðvegi sem í eru lúpínufræ sé fargað þannig að ekki sé hætt á að lúpínan geti numið land eða dreift sér inn á ný svæði.

Að mati Náttúrufræðistofnunar eru líkleg umhverfisáhrif af framkvæmdinni ekki talin umtalsverð og því ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum skv. ákvæðum laga nr. 106/2000.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála.

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500.      www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Jón Smári Jónsson - SLS" <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>  
**To:** "mulathing@mulathing.is" <mulathing@mulathing.is>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>  
**CC:** "María Markúsdóttir" <maria.markusdottir@mulathing.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI" <Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is>; "Hrefna Jóhannesdóttir" <hrefna@skogur.is>; "Sverrir Aðalsteinn Jónsson" <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>  
**Subject:** Skriðdals- og Breiðdalsvegur, ný brú á Gilsá - beiðni um umsögn  
**Date:** 5.5.2021 15:04:15

Heil og sæl,

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Meðfylgjandi eru tilkynning um fyrirhugaða veglögn auk fylgigagna.

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að gögn málsins eru einvörðungu send út rafrænt, að umsagnarbeiðninni undanskilinni.

Umsagnarfrestur er til 24. maí 2021 og óskast umsögnin einnig send á tölvupóstföngin [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) (<mailto:skipulag@skipulag.is>) og [jon.smari.jonsson@skipulag.is](mailto:jon.smari.jonsson@skipulag.is) (<mailto:jon.smari.jonsson@skiplag.is>)

Bestu kveðjur,

---

**Jón Smári Jónsson**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

## Viðhengi

image001.png (5 KB)